

nefndum lögum og öðrum lögum, er fer í bág við þessi lög. Starfsemi sú, er ofangreind ákvæði laga nr. 24/1936 og laga nr. 53/1963 fjalla um, skal þó ekki niður falla, fyrr en fullnægt er fyrsta málsl. 1. málsgr. 8. gr. þessara laga.

Þar til sett verður heilbrigðisreglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu staðfestar heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falla þær úr gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um Þjóðskjalasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisskjalasafn og lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er:

1. að annast innheimtu og varðveislu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embætta og stofnana ríkisins, sem orðin eru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma;
2. að skrásetja öll afhent skjalasöfn, hvert um sig, og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra;
3. að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innan lands og utan, þar með ljósrítum slíkra heimilda, sem finnast í erlendum skjalasöfnum;
4. að halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér varðveitt skjöl og heimildir skjalasafnsins í nyt.

3. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður annast daglega stjórn Þjóðskjalasafns, en hefur jafnframt á hendi yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sbr. lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn.

Menntamálaráðherra skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

4. gr.

Laun þjóðskjalavarðar, skjalavarða og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

5. gr.

Í Þjóðskjalasafni skal vera viðgerðarstofa skjala og handrita. Skal hún jafnframt starfa fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfshætti Þjóðskjalasafns. Í þeirri reglugerð má ákveða viðurlög við brotum á starfsreglum þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 39 3. nóvember 1915, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 17. gr. bætist:

Einnig er heimilt að taka í sjóðinn hjúkrunarkonur, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarkvenna á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjúkrunarkvenna, sem starfa við hjúkrun hjá öðrum aðilum en opinberum aðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.